

Mál nr. 221/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot M mótttekið 4. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
Bréf V, dags. 26. júlí 2019.

Málsatvik.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð hvað varðar málsatvik en þar kemur þó fram að M var farþegi í bifreið sem lenti í umferðaróhappi 2. júlí 2011. Einnig kemur fram í gögnum málsins að þáverandi lögmaður M hafi þann 28.2.2012 sent V umboð og tilkynningu um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Þann 15.5.2012 upplýsti félagið lögmanninn um skerðingu bóta með vísan til þess að M hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með ölvuðum öikumanni þrátt fyrir að hafa haft fulla vitnuskju um ölvunarástand hans. Þann 29.3.2016 barst V umboð frá öðrum lögmanni M og næstu vikur á eftir fóru fram samskipti milli lögmannsins og V varðandi gagnaöflun o.fl. Þann 19.3.2018 sendi sá lögmaðurinn aftur umboð til V og óskaði eftir gögnum málsins hjá V. Núverandi lögmaður fékk umboð frá M 11.10.2018. Félagið hafnaði bótaskyldu þann 17.1.2019 með vísan til fyrningar.

Fram kemur í læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi leitað á heilsugæslu þann 4.4.2012, 20.7.2012 og 30.10.2012 þar sem hún hafi kvartað undan verkjum sem hún tengdi við bílslysið. Var henni ráðlagt af lækni í heimsókninni þann 30.10.2012 að fara í meðferð hjá sjúkrahjálfa. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir um slysið frá síðustu læknisheimsókninni árið 2012 þar til M leitaði á heilsugæslu þann 12.11.2018, þar sem M lýsir því að hún þjáist enn af verkjum í baki vegna bílslyssins.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu úr ökutækjatrýggingu hjá V. Byggir M á því að bótaréttur sé ekki fyrndur, þar sem hún hafi ekki haft vitneskju um kröfu sína fyrir en í fyrsta lagi eftir lækni- og slysskoðunina þann 12.11.2018 og að fyrningarfrestrur skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hafi því ekki verið liðinn. M byggir kröfu sína einnig á því að V hafi slitið fyrningu gagnvart M með því að hafa viðurkennt skyldu sína, sbr. 14. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, m.a. með því að greiða útlagðan kostnað M vegna læknisvottorða. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að allar kröfur í trygginguna séu fyrndar skv. 99. gr. ufl. auk þess sem félagið hafi ekki rofið fyrningu með því að greiða fyrir gögn sem nauðsynleg þóttu til að taka afstöðu í málinu.

Álit.

Í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að allar bótakröfur, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark þegar tjónþola sjálfum mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni við slys. Af gögnum málsins er ljóst að M leitaði til lækni í nokkur skipti á árinu 2012 og fékk ráðleggingar um að fara í meðferð hjá sjúkrahjálfa. Gögn málsins upplýsa ekki um það hvort M leitaði sér frekari meðferðar en þó er ljóst miðað við lýsingar hennar að ástandið fór ekki batnandi. Verður samkvæmt gögnum málsins að ætla að M hafi átt að gera sér ljóst í síðasta lagi á árinu 2013 að hún byggir við einhverjar varanlegar afleiðingar í kjölfar slyssins. Framangreindur fjögurra ára fyrningarfrestrur hóf því að líða í lok árs 2013. Ekki verður fallist á það með M að V hafi viðurkennt bótarétt með þeim hætti að það hafi rofið fyrningarfrestr í málinu. Bótakrafa M er því niður fallin vegna fyrningar. M á því ekki rétt á bótum úr ökutækjatrýggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr ökutækjatyggingu hjá V.

Reykjavík 20. ágúst 2019

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.